

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 8. mars 2023
UST202301-442/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021 - 2033 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í greinargerð kemur fram að við ákvörðun á endurskoðun aðalskipulags voru helst þau atriði höfð að leiðarljósi að gerðar hafa verið fjórtán breytingar á skipulaginu og forsendur breyst mikið. Auk þess hafa tekið gildi ný skipulagslög - og reglugerð og staðfest hefur verið landsskipulagsstefna. Einnig hafa orðið miklar breytingar í sveitarfélaginu, svo sem í atvinnulífi og íbúasamsetningu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi vinnslutillögu verkefnisins 29. september sl.¹

Dyrhólaey - Friðland

Í greinargerð kemur fram að Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 en þar er mikil náttúrufergurð og fuglalíf og eyjan því vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Stærð friðlandsins er 147,2 ha.

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er tekur til friðlandsins. Þeir þættir sem mikilvægt sé að ræða við gerð þessarar áætlunar milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins eru ferðaþjónusta, náttúruvernd og veglagning um Dyrhólaós.

Veglagning um Dyrhólaós

Í greinargerð segir að teknu tilliti til ávinnings og umhverfisáhrifa vegna færslu hringveggar telur sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hagsmunir séu meiri við að færa hringveginn og byggja jarðgöng um Reynisfjall en möguleg neikvæð umhverfisáhrif. Vegur þar þungt að ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á náttúruminjasrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land.

¹<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20UST%20um%20vinnslutill%20c3%b6gu%20-%20a%20c3%b0alskipulag%20M%20c3%bdaldshrepps.pdf>

Hins vegar kemur fram í niðurstöðu umhverfismats tillögunnar að framkvæmdin muni hafa neikvæð eða óljós áhrif á alla matsþætti tillögunnar fyrir utan samfélagsleg áhrif.

Umhverfisstofnun telur að vegarlagning um Dyrhólaós muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur að vegarlagningin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á verndargildi Dyrhólaóss, Loftsalahellis, Reynisdranga og Reynisfjalls, sem er svæði á náttúruminjaskrá (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Ósinn og leirurnar á svæðinu falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) og Mýrdalur er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða á landi (<https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>). Auk þess er svæðið frjósamt og lífríkt votlendi með miklu fuglalífi er tengist ósnum. Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að líta til leiðarljósa skipulagstillögunnar (bls. 5) þar sem segir m.a.: „Þess skal gætt að náttúru- og menningarverðmæti svæðisins bíði ekki skaða af.“

Áhrif veglagningar á friðlandið Dyrhólaeyjar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé mun ýtarlegar um áhrif veglagningar um Dyrhólaós á friðlandið Dyrhólaeyjar.

Umhverfisstofnun bendir á að nýr vegur um Dyrhólaós mun hafa neikvæð áhrif á verndarsvæðið Dyrhólaey.² Af Dyrhólaey er stórbrotið útsýni yfir Mýrdalsjökul, Eyjafjallajökul, Reynisfjöru og óralanga sandströnd Suðurlands. Svæðið býður upp á einstaka upplifun en þar má sjá strandsvæði sem dregur útlit sitt frá fyrri menningu, ósnertri náttúru og fuglalífi. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 af íslenska ríkinu vegna hinnar miklu náttúrufegurðar, fuglalífs og til að viðhalda þessum vinsæla viðkomustað ferðamanna. Í umhverfisskýrslu á bls. 124 kemur fram að áhrif á útsýni frá Dyrhólaey verði líklega óveruleg eða engin með vegi um Dyrhólaós. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir þetta, en að mati stofnunarinnar mun útsýni frá friðlandinu, ásýnd Dyrhólaeyjar og svæðisins í kring breytast.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 54. Gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Valkostir vegna færslu á hringvegi

Í greinargerð á bls. 125 segir að valkostur 4, lagfæring á núverandi veglínu með markmið framkvæmdar í huga, sé ekki raunhæfur að mati sveitarfélagsins þar sem hann er ekki talinn uppfylla markmið um öruggan heilsársveg.

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/dyrholaey/um-fridlandid/>

Umhverfisstofnun telur þessa framsetningu vera óljósa og bendir stofnunin á mikilvægi þess að sveitarfélagið útskýri þessa afstöðu nánar í tillögunni og setji fram rök fyrir ofangreindri afgreiðslu.

Umhverfisstofnun telur að valkostir 4 og 4b hafi minnst neikvæð umhverfisáhrif. Þar yrði vegurinn endurhannaður með kröfur Vegagerðarinnar um veghönnun að leiðarljósi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að endurhannaður vegur samkvæmt nútíma kröfum um veghönnun Vegagerðarinnar í núverandi vegstæði (valkostir 4 og 4b) verður á þegar röskuðu svæði og þar sem öll umhverfisáhrif eru þegar komin fram. Endurhönnun vegar í núverandi vegstæði mun líklega hafa engin eða óveruleg umhverfisáhrif á lífríki, votlendi, ferskvatn, gróðurfar, fuglalíf, svæði á náttúruminjaskrá og friðlandið Dyrhólaeyjar.

Með því að líti til valkosta 4 og 4b með ofangreint að leiðarljósi mun sveitarfélagið ná markmiðum sínum, sbr. bls. 11 og 75, og markmiðum sínum um náttúruvernd.

Útivist og veglagning

Í greinargerð kemur fram að eitt af markmiðum með færslu hringvegarins er að færa hringveginn út úr þéttbýli og bæta öryggi í þéttbýli, en með þeirri tillögu sem lagt er upp með mun hann áfram liggja um þéttbýlið að sunnanverðu og mun vegurinn liggja við stofnanasvæði þar sem íþróttasvæði og grunnskólinn eru. Umhverfisstofnun telur að með því að færa hringveginn í suðurhluta þéttbýlisins að ströndinni muni útivistargildi rýrna og aðgengi íbúa þéttbýlisins að ströndinni/fjörinni verða heft, jafnvel þótt að skilgreind séu tvö undirgöng. Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að líta til umfjöllunar í greinargerð tillögunnar á bls. 104 þar sem segir að fjörur gegni mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands og henti á margan hátt vel sem útivistarsvæði.

Náttúruminjaskrá - Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð á bls. 29 segir að í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði, Dyrhólaey, fjögur svæði eru á B-hluta náttúruminjaskrár og eitt á C-hluta náttúruminjaskrár.

Þetta er ekki rétt, en rétt er að segja að í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði, Dyrhólaey, fjögur svæði eru á C-hluta náttúruminjaskrár og eitt á tillögu N1 að B-hluta náttúruminjaskrár. Síðar, á bls. 30, er fjallað um þessi svæði, þar sem segir: „Fimm svæði í Mýrdalshreppi eru á náttúruminjaskrá skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar: Dyrhólaey (friðland), Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall (aðrar náttúruminjar nr. 708), Skammadalskambar (aðrar náttúruminjar nr. 709), Vatnsdalur í Dalaheiði (aðrar náttúruminjar nr. 710), og Eyjarhóll (aðrar náttúruminjar nr. 711).“

Sama kemur fram á bls. 98, en þar segir að á B-hluta náttúruminjaskrár (framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum) séu svæði 708-711 í Mýrdalshreppi. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á

að þessi svæði falla undir C-hluta náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að Mýrdalur er á tillögu að B-hluta NÍ.³

Hverfisverndarsvæði - Mýrdalur

Í greinargerð á bls. 32 er fjallað um svæði sem nefnist Mýrdalur og er svæðið tilnefnt af Náttúrufræðisstofnun Íslands á B-hluta náttúruminjaskrár. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé tilnefnt vegna vistgerða á landi. Svæðinu er lýst sem mýrlendissvæði upp af vesturhluta Dyrhólaóss, vesturmörk við brekkurætur Geitafjalls, frá Loftsalahelli að framræsluskurði sunnan Skarphóls, þaðan austur um eftir skurðum milli ræktarlands og úthaga, yfir Brandslæk og frá mótum hans og Deildará upp með Deildará til Rauðalækjar og síðan niður með honum til óssins.

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að skilgreina svæðið sem hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, en í 12. gr. laganna segir að ef talin er þörf á að vernda náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna náttúrulegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Strandsvæði

Fjallað er um strandsvæði á bls. 103 í greinargerð en hins vegar eru engin svæði afmörkuð á uppdrætti. Strandsvæði eru svæði, samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sem eru innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun leggur það til að sveitarfélagið skilgreini strandsvæði á skipulagsuppdrætti í samræmi við skipulagsreglugerð og umfjöllun í greinargerð með tilliti til náttúruverndar, verðmætasköpunar og almannaréttar.

Tengsl við aðrar áætlanir - Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um vatnaáætlun í kafla 2 þar sem fjallað er um tengsl skipulagstillögunnar við aðrar áætlanir.

Auk þess bendir stofnunin á að vegargerð um Dyrhólaós mun hafa áhrif á þrjú vatnshlot, en hægt er að sjá afmörkun þeirra í vatnavefsíðni.⁴ Því þarf að fjalla um þau og áhrif framkvæmda í tillögunni og umhverfismati.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/myrdalur>

⁴ <https://vatnavefsja.vedur.is/>

til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögum og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlanirnar gilda í sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar (<http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>). Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni (<https://vatnshlotagatt.vedur.is/>).

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Tengsl við aðrar áætlanir - Loftslagsmál

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að fjallað sé um eftirfarandi áætlanir í kafla 2 þar sem fjallað er um tengsl skipulagstillögunnar við aðrar áætlanir.

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.⁵

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi

⁵ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í greinargerð kemur fram að stefnt skuli að því ljúka flokkun vega á skipulagstímabilinu. Umhverfisstofnun bendir á að vinnu samkvæmt ofangreindri reglugerð átti að vera lokið fyrir árslok 2020 og því telur stofnunin mikilvægt að vinnu við flokkun vega í náttúru Íslands verði unnin við afgreiðslu skipulagsins.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að stofnunin benti á ofangreint atriði í umsögn um lýsingu verkefnisins.⁶

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í umsögn stofnunarinnar varðandi vinnslutillögu verkefnisins benti stofnunin á eftirfarandi.⁷ Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Umhverfisstofnun vill nefna sem dæmi veg sem liggur inn að Kötlujökli, en í dag er ekið að jökulsporðinum um slóða og eru nokkur fyrirtæki sem starfa þarna með íshellaferðir. Sama á við um leiðina niður að flugvélaflaki á Sólheimasandi. Á skipulagsupprætti sveitarfélagsins er merkt þar gönguleið, en vegur liggur að flakinu sem er nýttur af vélknúnum ökutækjum. Auk þess vill stofnunin m.a. vekja athygli á vegi sem liggur að bílastæði við Remundargil, rétt norðaustan við Þakgil. Hægt er að beygja að Remundargili rétt áður en komið er í Þakgil og keyra að minni gilsins. Hins vegar hefur borið svo að keyrt hefur verið lengra inn gilið.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru-

⁶ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/L%3%bdsing%20-%20a%3%b0alskipulag%20M%3%bdrdalshrepps%202019%20-%202031%20-%20endursko%3%b0un.pdf>

⁷ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3%b6gn%20UST%20um%20vinnslutill%3%b6gu%20-%20a%3%b0alskipulag%20M%3%bdrdalshrepps.pdf>

og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferða-
þjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda
tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á
aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi
þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar (https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturuislands_v4.pdf).

Ásýnd

Í greinargerð kemur fram að hreppurinn býr yfir stórbrotinni náttúruvegurð þar
sem sveitin er grasi gróin, en andstæður eru miklar og beljandi jökulfljót,
klettótt fjöll og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið og á
hálandissvæðum eru fjöllin víða mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll mannvirki, eins og byggingar og
vegir, falli eins vel að svipmóti og einkennum lands og kostur er. Í umfjöllun um
umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að
huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að
umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt
yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd
segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess
gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og
afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa
atriðis.“

Efnistaka

Í tillögunni er gert ráð fyrir efnistökusvæði E21 austan við Hafursey þar sem
gert er ráð fyrir allt að 200.000 m³ efnistöku á ári. Umhverfisstofnun telur að
fjalla þurfi nánar um verkefnið í tillögunni hvað varðar umferð, lýðheilsu og
loftgæði, en hugmyndir eru um að flytja efnið til Þorlákshafnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi
umhverfismatsskýrslu verkefnisins til Skipulagsstofnunar 30. september sl.⁸ Í
niðurstöðum stofnunarinnar segir að það sé mat Umhverfisstofnunar að áhrif
efnisflutninganna á loftgæði í íbúðabyggð á flutningsleiðinni verði ekki
óverulega neikvæð eins og framkvæmdaraðili metur það heldur nokkuð
neikvæð til talsvert neikvæð.

Skilgreind er náman E18 (Háfell) sem er bergnáma, en það er mat
Umhverfisstofnunar að hún ætti ekki að vera inni á skipulagi. Efni var tekið
þarna þegar brú yfir Múlakvísl eyðilagðist. Þá skapaðist neyðarástand og var í
því sambandi réttlæt看legt að fara í efnistöku í fjallshlíðinni. Vegagerðin hefur

⁸ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20-%20M%20-%20bdrdalssandur.pdf>

kannað efnistöku í bergi á Mýrdalssandi og ætti frekar að sækja efni þangað og hætta efnistöku við Múlakvísl vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa sem fylgja munu efnistöku á þessum stað. Eins og sjá má á heimasíðunni www.namur.is telja aðstandendur síðunnar sem eru Vegagerðin, Landsvirkjun og Umhverfisstofnun að ekki skuli tekið efni úr skriðum og fjallshlíðum ef aðrir kostir eru fyrir hendi.

Stakar framkvæmdir á landbúnaðarlandi

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð á bls. 60 að litlar virkjanir geti haft veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, líkt og vatnsaflsvirkjanir, þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er, að mati stofnunarinnar, að líta á sem eina samþætta framkvæmd. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða, ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana, heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Fiskeldi - Starfsleyfi

Í greinargerð á bls. 60 kemur fram að minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um verndun og landslag, sbr. kafla 7.1, ef ársframleiðsla er innan við 20 tonn með fráveitu í ferskvatn, eða ársframleiðsla er innan við 200 tonn með fráveitu til sjávar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það en stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur